



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Erindi nr. P 143/127
komudagur 4.11.2013

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 2013

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kína. 143. löggjafarþing 2013 -2014. Þingskjal nr. 73 – 73. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur fengið ofangreinda þingsályktunartillögu til umsagnar og vill koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri og jafnframt hvetja íslensk stjórnvöld til þess að beina því til kínverskra stjórnvalda að virða alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar sínar.

Kína er aðili að flestum alþjóðasamningum Sameinuðu þjóðanna (CAT, CCPR (aðeins undirritað ekki fullgilt) CEDAW, CERD, CESC, CPD, CRC) og hefur samkvæmt þeim ýmsar alþjóðlegar skyldur.

Í árlegri skýrslu Amnesty International um ástand mannréttindamála í Kína fyrir árið 2013¹ segir m.a. að stjórnvöld hafi haldið pólitískum aðgerðarsinum, baráttufólki fyrir mannréttindum og öðrum aðgerðasinum í heljargreipum. Þeir hafi ítrekað sætt ógnunum, áreitni, þurft að sæta fangelsun eftir geðþótta og margir hafi horfið sporlaust á liðnum mánuðum. Aðgangur að réttlæti hefi verið takmarkaður verulega fyrir marga; múslimar, búddistar og kristnir sem ræktu trú sína utan leyfðra staða ásamt Falun Gong iðkendum sættu pyntingum, áreitni, fangelsun og öðrum takmörkunum á trúfrelsi þeirra.

Eftirlitskerfi Sp hafa ítrekað sent kínverskum stjórnvöldum heimsóknarbeiðnir en þær hafa ekki hlotið jákvæðar viðtökur. Meðal þeirra sem sent hafa slíka beiðni er sérstakur fulltrúi (special rapporteur) fyrir trú- og sannfæringarfrelsi. Við alþjóðlega reglulega úttekt Sp (UPR) hétu kínversk stjórnvöld því að bæta samvinnu sína við eftirlitsfulltrúa Sp en það hefur ekki orðið raunin. Navi Pillay, mannréttindafulltrúi Sp, hefur hvatt kínversk stjórnvöld til að virða skuldbindingar sínar og vinna með sérstökum fulltrúum Sp.

¹ <http://www.amnesty.org/en/region/china/report-2013>



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

MRSÍ hvetur því íslensk stjórnvöld til þess að grípa hvert tækifæri, þar á meðal það sem að vissu leyti gefst með umræddum fríverslunarsamningi, til þess að berjast fyrir mannréttindum, ekki aðeins borgara sinna heldur allra jarðarbúa.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur